


BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur
Europcar
HARPA
center hotels

# Velkomin á Jazzhátíð!

# Welcome to Reykjavík Jazz!



**Reykjavík Jazz 2023 fer fram í 33. skipti dagana 23.-27. ágúst í miðborginni. Hátíðin, sem við þekkjum einnig sem Jazzhátíð Reykjavíkur, hefur verið árviss viðburður frá upphafi og er ein langlífasta tónlistarhátíð landsins. Eins og áður er hátíðin uppskeruhátíð íslensks jazztónlistarfólks sem og vettvangur til að kynna alþjóðlegt listafólk í fremsta flokki. Helstu styrktaraðilar eru Reykjavíkurborg og Tónlistarsjóður.**

**Viðburðir í ár verða rúmlega 20 talsins þar sem tæplega 110 listamenn og -konur koma fram. Dagskráin er metnaðarfull og fjölbreytt en hana má finna á www.reykjavikjazz.is.**

**Gleðilega hátíð!**
**Jón Ómar Árnason**
**Framkvæmdastjóri / Listrænn stjórnandi**

The 33rd edition of Reykjavík Jazz takes place on August 23-27, 2023 in the city centre. The festival is among the longest running music festivals in Iceland and has been held annually despite earthquakes, eruptions and the Corona virus. Reykjavík Jazz celebrates the Icelandic jazz scene as well as featuring collaborative projects and international stars. The main sponsors of the festival are the City of Reykjavík and The National Music Fund.

More than 20 events are scheduled this year with almost 110 artists performing. The program, which is ambitious and varied, can be found at www.reykjavikjazz.is.

Enjoy Reykjavík Jazz!
Jón Ómar Árnason
General / Artistic Director





1. FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK
2. HARPA
3. JÓMFRÚIN
4. JÖRGENSEN KITCHEN & BAR
5. DÓMKIRKJAN

**Kvöldpassi er í boði öll kvöld hátíðarinnar í Hörpu en hann veitir aðgang að öllum tónleikum viðkomandi kvölds. Ekki er selt inn á staka tónleika á kvölddagskrá í Hörpu.**

**Dagskrá og miðasala á reykjavikjazz.is, harpa.is og tix.is**

Evening pass is available for each night of the festival at Harpa Concert Hall. The pass is valid for all concerts on the night. Tickets are not sold for individual concerts in Harpa.

Program and ticket sales at reykjavikjazz.is, harpa.is and tix.is

# DAGSKRÁ / PROGRAM

## MIÐVIKUDAGUR 23. ÁGÚST — WEDNESDAY 23TH OF AUGUST

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 19:00 | Benjamín Gísli Tríó | (IS/NO) | 2 HARPA | PASS |
| 20:00 | Wes Montgomery 100 ára | (IS) | 2 HARPA | PASS |
| 21:00 | Stórsveit Reykjavíkur ásamt Kathrine Windfeld | (IS/DK) | 2 HARPA | PASS |

## FIMMTUDAGUR 24. ÁGÚST — THURSDAY 24TH OF AUGUST

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 17:30 | Tríó Alberts Sölva | (IS) | 4 JÖRGENSEN KITCHEN & BAR | FRÍTT / FREE |
| 19:00 | Jónsson, Jónsson, Hemstock & Gröndal | (IS) | 2 HARPA | PASS |
| 20:00 | Insomnia Brass Band | (DE) | 2 HARPA | PASS |
| 21:00 | Gard Nilssen Acoustic Unity | (NO) | 2 HARPA | PASS |

## FÖSTUDAGUR 25. ÁGÚST — FRIDAY 25TH OF AUGUST

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 12:00 | Séð frá Tungli – Sönglög Jórunnar Viðar | (IS) | 1 FRÍKIRKJAN | 3.490 |
| 17:30 | Mikael Máni | (IS) | 4 JÖRGENSEN KITCHEN & BAR | FRÍTT / FREE |
| 19:00 | Daníel Helgason Tríó | (IS) | 2 HARPA | PASS |
| 20:00 | Anna Gréta, Marína Ósk, Rebekka Blöndal & Silva Þórðardóttir | (IS) | 2 HARPA | PASS |
| 21:00 | Gork – Óskar Kjartansson | (IS) | 2 HARPA | PASS |
| 22:00 | Beebee and the Bluebirds | (IS) | 2 HARPA | PASS |

## LAUGARDAGUR 26. ÁGÚST — SATURDAY 26TH OF AUGUST

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 15:00 | Bjössi Thor Band & Una Stef | (IS) | 3 JÓMFRÚIN | FRÍTT / FREE |
| 17:00 | Málþing/Panel Discussion | | 2 HARPA | FRÍTT / FREE |
| 19:00 | Kvartett Freysteins | (IS) | 2 HARPA | PASS |
| 20:00 | Cathrine Legardh / Sigurður Flosason kvintett | (DK/IS) | 2 HARPA | PASS |
| 21:00 | The Nordic Quintet | (IS/DK/FI/SE) | 2 HARPA | PASS |
| 22:00 | Los Bomboneros | (IS) | 2 HARPA | PASS |

## SUNNUDAGUR 27. ÁGÚST — SUNDAY 27TH OF AUGUST

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 12:00 | Hot Club de Islande – Jazz Bröns | (IS) | 4 JÖRGENSEN KITCHEN & BAR | FRÍTT / FREE |
| 18:00 | HLASkontraBAS | (CZ) | 1 FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK | 3.490 |
| 20:00 | Tumi Torfason | (IS) | 5 DÓMKIRKJAN | 3.490 |

PROGRAM / DAGSKRÁ




BÍLALEIGA AKUREYRAR
Höldur
Europcar

# MIÐVIKUDAGUR 23. ÁGÚST / WEDNESDAY 23TH OF AUGUST

19:00 → (2) HARPA

KVÖLDPASSI / EVENING PASS

## BENJAMÍN GÍSLI TRÍÓ (IS/NO)

Benjamín Gísli Einarsson (píanó/piano)
Andreas Solheim (kontrabassi/double bass)
Veslemøy Narvesen (trommur og sög/drums and saw)



**Með hrífandi hljómi, sterkri nærveru og grípandi tónsmíðum nær Tríó Benjamíns Gísla að fanga áhorfandann frá fyrsta hljómi. Tónlistin byggir á norrænu djass hefðinni en er einnig innblásin af listafólki eins og Bill Evans, Esbjörn Svensson og Carla Bley. Tríóið fagnar nú útkomu fyrstu plötu sinnar, Line of Thought.**

With their introspective lyricism and captivating, warm sound, the Benjamín Gísli Trio immediately welcomes the audience into their music. The debut album Line of Thought pays tribute to the Nordic jazz tradition, drawing on the lyrical melodies of Bill Evans, the melancholic playing of the Esbjörn Svensson Trio, and the freedom of Carla Bley.

20:00 → (2) HARPA KVÖLDPASSI / EVENING PASS

# WES MONTGOMERY 100 ÁR (IS)



Ásgeir Ásgeirsson (gítar/guitar)
Karl Olgeirsson (píanó og orgel/piano & organ
Þorgrímur Jónsson (kontrabassi/double bass)
Erik Qvick (trommur/drums)

**Gítarleikarinn Ásgeir Ásgeirsson ætlar að heiðra Wes Montgomery í tilefni þess að Wes hefði orðið 100 ára á þessu ári. Kvartett Ásgeirs ætlar að leika rjómann af uppáhalds lögum sínum af 9 ára hljóðritunarferli Wes en hann lést árið 1968.**

Guitarist Ásgeir Ásgeirsson will pay tribute to Wes Montgomery on the occasion of Wes' 100th birthday this year. Ásgeir's quartet will play a selection of their favorite songs from the 9-year recording career of Wes, who died in 1968.

# MIÐVIKUDAGUR 23. ÁGÚST / WEDNESDAY 23TH OF AUGUST

21:00 → (2) HARPA KVÖLDPASSI / EVENING PASS

# STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR & KATHRINE WINDFELD (IS)

**Jazzhátíð Reykjavíkur kynnir með stolti tónleika Stórsveitar Reykjavíkur og Kathrine Windfeld. Hér er um að ræða afar spennandi samstarf þar sem Kathrine Windfeld, ein skærasta stjarnan í hópi ungra stórsveitartónskálda jazzheimsins, stjórnar eigin verkum með okkar frábæru stórsveit.**

Reykjavík Jazz festival proudly presents Reykjavík Big Band with Kathrine Windfeld. This very exciting collaboration sees one of the brightest stars of big band composers and arrangers from a younger generation conduct the brilliant Reykjavík Big Band through a collection of her own pieces.



17:30 → (4) JÖRGENSEN KITCHEN & BAR    FRÍTT / FREE ENTRY

# TRÍÓ ALBERTS SÖLVA (IS)

Albert Sölvi Óskarsson (saxófónn/saxophone)
Sigmar Þór Matthíasson (kontrabassi/double bass)
Þorvaldur Halldórsson (trommur/drums)



**Tríó Alberts Sölva er samsett af saxófónleikaranum Alberti Sölva, kontrabassaleikaranum Sigmari Þór og trommuleikaranum Þorvaldi Halldórssyni og munu þeir, í fyrsta skipti leiða hesta sína saman sem band á þessari hátíð. Nokkrar tónsmíðar Alberts ásamt vel völdum jazzlögum verða á efnisskránni.**

Albert Sölvi Trio performs for the first time at Reykjavík Jazz 2023. This new trio includes saxophonist and composer Albert Sölvi Óskarsson, double bass player Sigmar Þór Matthíasson and drummer Þorvaldur Halldórsson. They will play a collection of their favourite jazz tunes mixed with compositions by the leader Albert Sölvi.

# FIMMTUDAGUR 24. ÁGÚST / THURSDAY 24TH OF AUGUST

19:00 → (2) HARPA    KVÖLDPASSI / EVENING PASS

**Bræðurnir Ólafur og Þorgrímur Jónssynir leika nýja og nýlega tónlist úr sinni smiðju sem er sérsamin fyrir þessa hljómsveit sem að auki inniheldur þá Hauk Gröndal og Matthías Hemstock. Ný framsækin jazztónlist þar sem fallegar og lagrænar tónsmíðar verða í forgrunni.**

Jónsson, Jónsson, Hemstock & Gröndal is a quartet led by brothers saxophonist Ólafur and bassist Þorgrímur along with drummer Matthias Hemstock and multi-reed instrumentalist Haukur Gröndal. The band will perform new material, written by the brothers with older material adapted for this line-up.




# JÓNSSON, JÓNSSON, HEMSTOCK & GRÖNDAL (IS)

Ólafur Jónsson (saxófónar/saxophones)
Þorgrímur Jónsson (kontrabassi/double bass)
Matthías Hemstock (trommur og slagverk/drums & percussion)
Haukur Gröndal (tréblásturshljóðfæri/reeds)

20:00 → (2) HARPA KVÖLDPASSI / EVENING PASS

# INSOMNIA BRASS BAND (DE)

Anke Lucks (básúna/trombone)
Almut Schlichting (barítón sax/baritone sax)
Christian Marien (trommur/drums)



**Insomnia Brass Band er mini-útgáfa af lúðrasveit sem fer ótroðnar slóðir í yfirferð sinni um heillandi landslag hins frjálsa jazz, fönks, pönks sem og hefða New Orleans lúðrasveita. Sveitin hefur í langan tíma skoðað, teygt og togað sínar eigin tónsmíðar með blöndu af þróttmiklum spuna og dansvænu fönki.**

Insomnia Brass Band – Lucks, Schlichting and Marien – are a miniature brass band, juggling shifting rolls, toggling between rhythm and melody as they traverse a beguiling landscape of free jazz, funk, punk rock, and New Orleans brass band traditions.

# FIMMTUDAGUR 24. ÁGÚST / THURSDAY 24TH OF AUGUST

21:00 → (2) HARPA KVÖLDPASSI / EVENING PASS

# GARD NILSSEN ACOUSTIC UNITY (NO)

**Frá árinu 2014 hefur hið norska tríó Gard Nilssen Acoustic Unity verið í fararbroddi á evrópsku jazzsenunni og þeirra nýjasta plata, Elastic Wave (ECM) hefur hlotið mikið lof.Tónlistin er frumleg og samin af öllum meðlimum tríósins með fókus á samspil, grúv, skapandi hugsun, dýnamík og orku sem þó skilur nóg pláss eftir fyrir spuna.**

Gard Nilssen Acoustic Unity has been at the vanguard of the European jazz scene since 2014 and their latest album, Elastic Wave (ECM) has been critically acclaimed. The music is original and composed by all three band members, with a focus on interplay, groove, creativity, dynamic and energy with plenty of room for improvisation.



Petter Eldh (kontrabassi/double bass)
André Roligheten (saxófónar/saxophones)
Gard Nilssen (trommur/drums)

12:00 → ① FRÍKIRKJAN 3.490 KR

## SÉÐ FRÁ TUNGLI - SÖNGLÖG JÓRUNNAR VIÐAR (IS)



Ásgerður Júníusdóttir (rödd/voice)
Agnar Már Magnússon (píanó/piano)
Matthías Hemstock (trommur/drums)
Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson (bassi/bass)

**Jórunn Viðar (1918-2017) er eitt helsta tónskáld íslendinga og fyrsta íslenska konan sem lagði stund á nám í tónsmíðum. Tónlist Jórunnar er fjölbreytt en hún samdi m.a. fjölda sönglaga, kórverk og píanókonsert. Á þessum tónleikum verða jazz- og kabarettáhrif í tónlist Jórunnar skoðuð en þetta er frumflutningur á nýjum útsetningum á tónlist hennar.**

Jórunn Viðar (1918-2017) is one of Iceland's biggest composers and the first woman to study composition. Viðar's music is diverse but she composed a large number of songs, choral pieces and a piano concerto. The program for this concert consists of new arrangements for some of Viðar's pieces, putting it into the context of jazz and cabaret music.

# FÖSTUDAGUR 25. ÁGÚST / FRIDAY 25TH OF AUGUST

17:30 → ④ JÖRGENSEN KITCHEN & BAR FRÍTT / FREE ENTRY

## MIKAEL MÁNI (IS)

**Á þessum tónleikum gerir Mikael Máni tilraun til að blanda saman tveimur uppáhalds tónlistarstefnum sínum. 'Insturmental' jazz tónlist og singer-songwriter tónlist, þrátt fyrir að öll lögin séu án söngs. Mikael mun einnig leika nokkur af sínum uppáhalds lögum og má hugsanlega heyra lög eftir Joni Mitchell, Bob Dylan og Megas.**

During this concert Mikael Máni will attempt to combine two of his favorite but vastly different music genres; singer-songwriter music and instrumental jazz. Mikael will also play some of his favorite songs, and you might hear songs by Joni Mitchell, Bob Dylan, and Megas.



Mikael Máni (gítar/guitar)

19:00 → ② HARPA

KVÖLDPASSI / EVENING PASS

## DANÍEL HELGASON TRÍÓ (IS)

Daníel Helgason (gítar/guitar)
Birgir Steinn Theodórsson (bassi/bass)
Matthías Hemstock (trommur/drums)



**Gítarleikarinn og tónskáldið Daníel Helgason leiðir hér í fyrsta sinn sitt eigið tríó sem leikur nýja frumsamda spunakennda músík. Á tónleikunum ætlar tríóið að fagna útgáfu fyrstu sólóplötu hans. Daníel hefur leikið músík hérlendis og erlendis í fjölda ára og var valinn Bjartasta vonin í Djass og blús á Íslensku Tónlistarverðlaununum árið 2018.**

Guitarist and composer Daníel Helgason leads his own trio that plays new experimental improvised music. The concert will be held as a release concert for his first album undir his name. Daníel Helgason has played music in Iceland and abroad for many years and was awarded best newcomer in Jazz and Blues at the Icelandic Music Awards in 2018.

# FÖSTUDAGUR 25. ÁGÚST / FRIDAY 25TH OF AUGUST

20:00 → ② HARPA

KVÖLDPASSI / EVENING PASS

## ANNA GRTA, MARÍNA ÓSK, REBEKKA BLÖNDAL & SILVA (IS)

**Jazzhátíð Rvk. kynnir með stolti nýja kynslóð íslenskra jazzsöngkvenna sem koma nú saman í fyrsta skipti sem hópur. Þær Anna Gréta Sigurðardóttir, Marína Ósk Þórólfsdóttir, Rebekka Blöndal og Silva Þórðardóttir hafa allar vakið mikla athygli síðustu misseri fyrir tónlist sína og stigið ákveðið til jarðar á íslenskri og erlendri grundu, hver með sinn einstaka stíl.**

Reykjavík Jazz Festival proudly presents a new female generation of Icelandic Jazz vocalists: Anna Gréta Sigurðardóttir, Marína Ósk Þórólfsdóttir, Rebekka Blöndal and Silva Þórðardóttir. Each artist has released albums under their own name in the past 2 years, generating quite the buzz and fantastic reviews, in Iceland and internationally.



Anna Gréta Sigurðardóttir (píanó og rödd/piano and vocals)
Marína Ósk Þórólfsdóttir (gítar og rödd/guitar and vocals)
Rebekka Blöndal (rödd/vocals)
Silva Þórðardóttir (rödd/vocals)
Birgir Steinn Theódórsson (kontrabassi/double bass)
Kristofer Rodriguez Svönuson (trommur/drums)

21:00 → (2) HARPA KVÖLDPASSI / EVENING PASS

## GORK – ÓSKAR KJARTANSSON (IS)

Óskar Kjartansson (trommur/drums)
Gabríel Markan (gítar/guitar)
Valdimar Olgeirsson (rafbassi/electric bass)
Helgi Rúnar Heiðarsson (saxófónar/saxophones)
Tumi Árnason (tenór saxófónn/tenor saxophone)



**Gork er fyrsta Plata Óskars Kjartanssonar og var hún valin Jazz Ársins af Morgunblaðinu. Tónlistin einkennist af miklum rokk-, eða jafnvel metaláhrifum og er því einskonar samsuða af rokki og jazzi. Óskar fagnar útgáfu plötunnar með þessum tónleikum á Jazzhátíð Reykjavíkur þar sem platan verður spiluð í heild sinni ásamt nýrra óútgefnu efni.**

Gork is Óskar Kjartansson's first album and was chosen as "Jazz of the year" by Morgunblaðið newspaper. The music is defined by a lot of rock- or even metal influences and might therefore be called some sort of mix of metal and jazz. Óskar celebrates the release of the album at Reykjavík Jazz 2023.

# FÖSTUDAGUR 25. ÁGÚST / FRIDAY 25TH OF AUGUST

22:00 → (2) HARPA KVÖLDPASSI / EVENING PASS

## BEEBEE AND THE BLUEBIRDS (IS)

**Beebee and the Bluebirds var stofnuð af Brynhildi Oddsdóttur árið 2010 og hefur sveitin verið mjög virk í íslensku tónlistarlífi síðan. Hún hefur spilað á Iceland Airwaves, Reykjavik Guitarama og á tónlistarhátíðum bæði hérlendis og erlendis. Tónlistinni þeirra má best lýsa sem blöndu af sálar, blús, fönk og rokk tónlist.**

Beebee and the Bluebirds was founded by singer and guitarist Brynhildur Oddsdóttir in 2010 and they have been very active in the Icelandic music scene since. They have played various festivals, f.ex. Iceland Airwaves, Reykjavik Guitarama and others both home and abroad. Their music can be best described as a mixture of soul, funk, blues and rock.



Brynhildur Oddsdóttir (söngur og gítar/vocals and guitar)
Brynjar Páll Björnsson (bassi/electric bass)
Halldór Sveinsson (hljómborð/keyboards)
Ásmundur Jóhannsson (trommur/drums)

15:00 → ③ JÓMFRÚIN

FRÍTT / FREE ENTRY

## BJÖSSI THOR BAND & UNA STEF (IS)

Bjössi Thor (gítar/guitar)
Una Stefánsdóttir (söngur/vocals)
Fúsi Óttars (trommur/drums)
Hálfdán Árnason (bassi/electric bass)



**Bjössi Thor fer á þessum tónleikum yfir gítarsöguna og spilar mörg af sínum uppáhalds lögum. Tónlistin verður blanda af rythm & blues tónlist og kraftmiklu jazzrokki. Það verða líka sagðar sögur sem vart þola dagsins ljós og verður ekkert dregið undan.**

Björn Thoroddsen has beentouring the world both as a soloist, as well as with his band for many years. Björn plays pop, jazz, rock, blues, country and whatever style of music he feels like playing at the time, dazzling his audiences with outstanding playing and showmanship.

# LAUGARDAGUR 26. ÁGÚST / SATURDAY 26TH OF AUGUST

17:00 → ② HARPA

FRÍTT / FREE ENTRY

## MÁLÞING / PANEL DISCUSSION

**Málþing um áhrif félagsmótunar á sterótýpísk hlutverk innan jazz tónlistarsenunnar á Íslandi. Rebekka Blöndal og Ari Frank Inguson kynna niðurstöður rannsóknar sinnar og Anna Gréta Sigurðardóttir og Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir munu svo deila reynslu sinni af því að læra og starfa innan jazzsenunnar. Þorbjörg Daphne Hall, dósent í tónlistarfræðum stýrir málþinginu.**

Iceland University of the Arts and Reykjavik Jazz have come together to initiate a dialogue about gender-related matters within the local music scene. A symposium will delve into the influence of socialization on stereotypical roles within the Icelandic jazz community and address the issue of gender imbalance.



19:00 → (2) HARPA KVÖLDPASSI / EVENING PASS

## KVARTETT FREYSTEINS (IS)

Freysteinn Gíslason (kontrabassi/double bass)
Helgi R. Heiðarsson (saxófónn/saxophone)
Hilmar Jensson (gítar/guitar)
Óskar Kjartansson (trommur/drums)



**Freysteinn er ekki hræddur við að fara sínar eigin leiðir í tónlist og það má heyra í mörgum lögum hans. Tónlist hans er myndræn þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín. Kvartett Freysteins ætlar að spila tónlist af plötunni “Í allar áttir en ‘samt bara eina” en hún hefur fengið góðar viðtökur og dóma í erlendum miðlum.**

Freysteinn fearlessly carves his own path in music, evident in the dynamic and ever-evolving nature of his songs. The quartet will showcase the music from their acclaimed album, “Í allar áttir en samt bara eina,” which has garnered positive reviews from both local and international media.

# LAUGARDAGUR 26. ÁGÚST / SATURDAY 26TH OF AUGUST

20:00 → (2) HARPA KVÖLDPASSI / EVENING PASS

## CATHRINE LEGARDH / SIGURÐUR FLOSASON KVINTETT (IS)

**Saxófónleikarinn Sigurður Flosason og danska söngkonan Cathrine Legardh eiga að baki langt og mikið samstarf sem rekja má aftur til ársins 2011 en þá kom platan Land & Sky út. Nú eru þau með nýja plötu í farteskinu sem nýlega kom út hjá Storyville útgáfunni í Kaupmannahöfn í júní og ber titilinn „Stilhed og Storm“.**



Icelandic saxophonist Sigurður Flosason and Danish singer Cathrine Legardh have collaborated for over a decade since their debut album Land & Sky in 2011. Now they have a new album out which is entitled Stilhed og Storm and was released by Storyville Records in Copenhagen in June.

Cathrine Legardh (rödd/voice)
Sigurður Flosason (saxófónn/saxophone)
Anna Gréta Sigurðardóttir (píanó/piano)
Birgir Steinn Theódórsson (kontrabassi/double bass)
Einar Scheving (trommur/drums)

21:00 → ② HARPA KVÖLDPASSI / EVENING PASS

# THE NORDIC QUINTET

(IS/DK/FI/SE)

Ari Bragi Kárason (trompet/trumpet)
Karl-Martin Almquist (tenór sax/tenor sax)
Carl Winther (píanó/piano)
Johnny Åmann (bassi/bass)
Anders Mogensen (trommur/drums)



**Þessi nýstofnaði kvintett á uppruna sinn að rekja til miðju dönsku jazzsenunar en hver og einn meðlimur hefur einnig verið áberandi alþjóðlega. Áhrif tónlistarinnar eru blönduð af hardbop og modern-jazz með tilfiningamiklum tilþrifum frá hrynsveit hljómsveitarinnar. Frumsamin tónlist í bland við uppáhalds lög meðlima eru á efnisskrá.**

This newly formed quintet traces its roots to the center of the Danish jazz scene but each member has also been prominent internationally. Influences are a mix of hard bop and modern jazz driven by the quintet's powerful rhythm section. The audience can expect a blend of new material with some of the band member's favorite jazz tunes in between.

## LAUGARDAGUR 26. ÁGÚST / SATURDAY 26TH OF AUGUST

22:00 → ② HARPA KVÖLDPASSI / EVENING PASS

# LOS BOMBONEROS

(IS)

**Það er með mikilli ánægju sem Jazzhátíð Reykjavíkur kynnir til leiks Los Bomboneros á tónleikum. Hljómsveitin spilaði með stórsveit á Jazzhátíð fyrir tveimur árum og þakið nánast rifnaði af kofanum, svo frábær var stemningin í salnum. Hljómsveitin fagnar útgáfu fyrstu breiðskífu sinnar á Jazzhátíð í ár en platan nefnist ¡Mambó!**

Reykjavík Jazz is very happy to announce Los Bomboneros in concert this year. The band played in a big band setting two years ago and the audience was ecstatic, the roof was about to come off the Harpa concert hall. The band is releasing their first album called ¡Mambó! and will have their release concert at this year's festival.



Alexandra Kjeld (bassi og söngur/bass and vocals)
Daníel Helgason (tresgítar og rafgítar/ tres and guitar)
Kristofer Rodriguez Svönuson (slagverk/percussion)
Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir (básúna og fiðla/trombone and violin)
Sólveig Morávek (flauta og klarinett/flute and clarinet)
Matthías Hemstock (slagverk/percussion)

12:00 → (4) JÖRGENSEN KITCHEN & BAR FRÍTT / FREE ENTRY

## HOT CLUB DE ÍSLANDE – JAZZ BRUNCH (IS)



Greta Salóme (fiðla/violin)
Gunnar Hilmarsson (gítar/guitar)
Leifur Gunnarsson (kontrabassi/double bass)
Óskar Þormarsson (trommur/drums)

**Jazzhátíð Reykjavíkur og Center hótel bjóða upp á jazz „bröns“ á Jörgensen Kitchen & Bar. Greta Salóme mun koma fram ásamt hljómsveit sinni og leika lög til heiðurs Stéphane Grappelli og Django Reinhardt. Á dagskránni verða lög í gypsy-djass stílnum þar sem leifturhraðar laglínur fá að njóta sín og léttleikinn er í fyrirrúmi.**

Reykjavík Jazz and Center Hotels invite you to a Jazz brunch at Jörgensen Kitchen & Bar. Local violin virtuoso Greta Salóme leads a quartet paying tribute to old masters Stéphane Grappelli and Django Reinhardt. The program will be in the gypsy jazz style with fast melodies and runs above a tight rhythm section.

# SUNNUDAGUR 27. ÁGÚST / SUNDAY 27TH OF AUGUST

18:00 → (1) FRÍKIRKJAN 3.490 KR.

## HLAS KONTRA BAS (CZ)

**Það má svo sannarlega segja að tékkneski oktettinn HLASkontraBAS sé óvenjulegur og án hliðstæðu. Oktettinn samanstendur af fjórum söngkonum og fjórum kontrabassaleikurum. Á Jazzhátíð munu þau frumflytja nýja dagskrá með tónsmíðum eftir nokkur leiðandi tónskáld nútímans. Verkefnið er styrkt af Íslandi, Liechtenstein og Noregi í gegnum EEA.**

You can safely say that the HLASkontraBAS octet is exceptional, unique and one of a kind. The octet consists of four female singers and four double basses. At Reykjavík Jazz they will premiere new compositions written for the octet by leading contemporary composers. The project is supported by Iceland, Liechtenstein and Norway through the EEA Fund.



Ridina Ahmedová (rödd/voice)
Alice Bauer (rödd/voice)
Mirka Novak (rödd/voice)
Markéta Zdeňková (rödd/voice)
Petr Tichý (kontrabassi/double bass)
Tomáš Liška (kontrabassi/double bass)
Ondřej Štajnochr / Ondřej Komárek (kontrabassi/double bass)
Petr Mikeš (kontrabassi/double bass)

20:00 → (5) DÓMKIRKJAN 3.490 KR.

**Tónskáldið og trompetleikarinn Tumi Torfason fagnar útgáfu debútplötu sinnar “Torfær tími”en tónsmíðar hans draga innblástur úr ýmsum áttum, jafnt klassískum impressjón- og minimalisma sem og seinni tíma djasstónlist Ameríku og Norðurlanda. Hann skeytir saman spuna við hið skrifaða, því lífræna við hið mekaníska, nýsköpun við hið tímalausa.**

Composer and trumpeter Tumi Torfason celebrates the release of his debut album “Torfær tími”. His compositions draw inspiration from various directions, both classical impression- and minimalism and modern jazz from the US and Northern Countries. He contrasts improvisation with the written, the organic with the mechanic and the innovative with the timeless.

# TUMI TORFASON (IS)



Tumi Torfason (trompet/trumpet)
Tumi Árnason (tenór sax/tenor sax)
Björgvin R. Hjálmarsson (sax & bassa klarinett/sax & bass clarinet)
Hannes Arason (trompet & flygilhorn/trumpet & flugelhorn)
Bjarni Már Ingólfsson (gítar/guitar)
Mikael Máni Ásmundsson (gítar/guitar)
Birgir Steinn Theódórsson (bassi/bass)
Matthías Hemstock (trommur/drums)
…og fleiri/and more

SUNNUDAGUR 27. ÁGÚST / SUNDAY 27TH OF AUGUST




# SÉRSTAKAR ÞAKKIR

center hotels

BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur

Europcar

HARPA

GOETHE INSTITUT

EMBASSY OF DENMARK Reykjavik

BERLIN
Senate Department for Culture and Community

Jómfrúin
SMURBRAUÐ – SMØRREBRØD
– SCANDINAVIAN KITCHEN –
EST. 1996

LITRÓF
umhverfisvottuð prentsmiðja

Stjórnarráð Íslands
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Reykjavík




Farmers Market
ICELAND